

Til samráðsnefndar menntamálaráðuneytisins,
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og samtaka kennara og skólastjóra.

Reykjavík, 15. maí 2001

Árið 1998 fól menntamálaráðuneytið Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála að gera rannsókn um umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í september 1999. Í framhaldi af þessari rannsókn gerði RUM framhaldsrannsókn um úrræði skóla við lausn á eineltisvandamálum og lágu niðurstöður fyrir í september 2000. Markmið þeirrar rannsóknar var, eins og fram kemur í skýrslu RUM, *að kanna hvernig tekið er á eineltismálum í skólum og hvernig foreldrar, nemendur og sérfræðingar tengjast því ferli, ásamt því að þróa hentugt mælitæki til þess að meta úrræði og boðleiðir. Markmiðið var að rannsaka helstu boðleiðirnar og hvar vandamálin er að finna í úrlausnarferlinu. Einnig var ætlunin að meta hvaða úrræði gefast best.*

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að víða er verið að koma á kerfum í skólum til þess að takast á við einelti. Niðurstöðurnar varpa einnig ljósi á afstöðu skólastjórnenda og kennara til vandamálsins. Viðhorf kennara bendir til óöryggis og kvíða gagnvart einelti og að þeir finni sig vanbúna til þess að takast á við vandamálið. Fyrst og fremst bera þeir fyrir sig tímaskorti og vanþekkingu, telja að bæta þurfi samvinnu starfsfólks innan skólanna, og að auka fræðslu til barna um skyldur þeirra gagnvart öðrum.

Í kjölfar þessara rannsókna var tekin ákvörðun í samráðsnefnd grunnskóla um stofnun starfshóps um einelti í grunnskólum. Nánar tiltekið var vinnuhópnum falið að koma með tillögur að samræmdri aðgerðaáætlun fyrir grunnskóla um hvernig skuli bregðast við ef og þegar einelti kemur upp.

Í starfshópnum eiga sæti samkvæmt tilnefningum Arthur Morthens frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Sighvatsson frá Skólastjórafélagi Íslands, Jóhann Thoroddsen frá Landssamtökunum Heimili og skóli, Sesselja Snævarr frá menntamálaráðuneytinu, Unnur Kristjánsdóttir frá Félagi grunnskólakennara og Þorlákur H. Helgason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfshópurinn er sammála um að þó að hlutverk hópsins sé fyrst og fremst að koma með tillögur að samræmdri aðgerðaáætlun fyrir grunnskóla um hvernig skuli bregðast við ef og þegar einelti kemur upp sé ekki síður mikilvægt að leggja áherslu á forvarnir í skólum. Starfshópurinn hefur því jafnframt hugað að hugmyndum sem lúta að forvörnum.

Starfshópurinn hefur fundað alls 11 sinnum en fyrsti fundurinn var 15. desember 2000. Auk þess hefur hópurinn haft samráð og samvinnu m.a. í gegnum tölvupóst.

Umræða um einelti bæði í skólum og á vinnustöðum hefur verið nokkuð áberandi undanfarið, m.a. í fjölmiðlum. Lestur og umræður um innlend og erlend gögn, sem hópurinn aflaði sér, auk upplýsinga frá þeim aðilum sem mættu á fundi starfshópsins eða höfðu samband á annan hátt, hafa lagt grunninn að niðurstöðum okkar, tillögum og framtíðaráætlun sem birtast í þessari skýrslu.

Reykjavík, 15. maí 2001

Arthur Morthens

Sesselja Snævarr

Guðmundur Sighvatsson

Unnur Kristjánsdóttir

Jóhann Thoroddsen

Þorlákur H. Helgason

EINELTI

Margar skýringar hafa verið gefnar á hugtakinu einelti, flestir eru þó sammála um að ...

einelti feli í sér að nemandi er tekin fyrir af einum eða fleiri nemendum með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum og sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi sem kemur þolanda illa, líkamlegri misbeitingu eða félagslegri höfnun eða markvissri einangrun eða útskúfun.

Polandi verður fyrir síendurteknu athæfi sem inniheldur einhverja eða alla ofangreinda þætti. Hér er því yfirleitt um markvissa misbeitingu valds að ræða þar sem reynt er að niðurlægja viðkomandi.

Oftast ríkir ójafnvægi í persónulegum og/eða líkamlegum styrk geranda og þolanda, þannig að polandi stendur höllum fæti gagnvart geranda einum, eða hópi geranda.

Hvernig líður barni sem lagt er í einelti?

Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, verður hrætt, öryggislaust, einmana og tortryggið gagnvart félögunum. Barninu fer smám saman að finnast eitthvað vera að sér. Sjálfstraustið hverfur, það einangrar sig og verður jafnvel veikt án sýnilegra sjúkdóma. Barnið getur látið innibyrgða reiði, ótta og kvíða bitna á systkinum sínum og foreldrum. Það getur orðið spennu og utangátta í skólanum og hefur jafnvel engan áhuga á að fara í skólann. Þetta hefur áhrif á námsárangur og skólaleiði getur gert vart við sig. Langvarandi einelti veldur streitu sem leitt getur til alvarlegri vandamála eins og mikillar neikvæðrar hegðunar, lysterleysis og þunglyndis.

Hvernig birtist ofbeldið?

Munnlega Uppnefni, stríðni eða niðurlægjandi athugasemdir. Þeir sem beita ofbeldinu hvíslast hugsanlega á um fórnarlambið, flissa og hlæja.

Félagslega Barnið er skilið útundan í leik, því er ekki boðið í afmælisveisur eða aðrar upptökur hjá bekkjarfélögum. Barnið þarf að þola svipbrigði, augnagotur, þögn eða algert afskiptaleysi.

Efnislega Eigum fórnarlambins er stolið, t.d. skólabókum, pennaveski, skólatösku, nesti, íþróttafatnaði eða þessir hlutir eyðilagðir.

Andlega Barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algerlega gegn réttlætiskennu þess og sjálfsvirðingu, s.s. girt niður um barnið, það látið eyðileggja eigur annarra, jafnvel skólans. Polandi fær neikvæð SMS boð og hótanir.

Líkamlegu Gengið er í skrokk á barninu, það barið, klórað, hárréytt eða sparkað í það.

NIÐURSTÖÐUR

Einelti er ofbeldi; það er vandamál sem þarf ekki að vera á yfirborðinu. Við viðurkennum að einelti á sér stað í skólum, óháð stærð og staðsetningu. Að líkindum verða fimm þúsund nemendur fyrir einelti í íslenskum grunnskólum á hverju ári.

Niðurstöður starfshópsins lúta að þremur etirfarandi meginþáttum:

1. Forvörnum

2. Aðgerðaráætlun skóla

3. Áætlun um átak í menntun og fræðslu

1. Forvarnir

- ❑ Áhersla á jákvæðan, lýðræðislegan skólabrag.
- ❑ Yfirlýst stefna skólans er að einelti sé ekki liðið og að á því sé tekið.
- ❑ Opin umræða um einelti.
- ❑ Skólareglur skýrar m.a. um hegðun.
- ❑ Styrkja þarf stöðu kennara með aukinni menntun og fræðslu.
- ❑ Öflugt samstarf heimila og skóla frá byrjun skólagöngu.
- ❑ Öflugt samstarf skóla við frjáls félagasamtök og félagsmiðstöðvar.
- ❑ Að skipulag skólans bjóði ekki upp á „tækifæri“ til eineltis, s.s. einangraðir staðir á skólalóð, búningsklefar íþróttahúsa og sundstaða.
- ❑ Skólar kanni á skipulagðan hátt aðstæður, viðhorf og vinnubrögð sem hafa áhrif á forvarnarstarf og aðgerðaráætlun hvers skóla.

Skólabragur

Einelti er tengt skólabrag einstakra skóla og því hegðunar- og samskiptamynstri sem viðgengst í skólanum. Því er mikilvægt að stefnumótun í eineltismálum sé tengd heildarumhverfi skólans og hafi það að markmiði að tryggja skólaumhverfi þar sem nemendum líður vel og búa við öryggi. Góður bekkjarandi er lykilatriði við að byggja upp jákvæðan skólabrag.

- Nemendum líður vel þar sem þeir geta tjáð sig óhikað og óttalaust.
- Nemendum líður vel þar sem vitað er að ofbeldi, þar með talið einelti, er ekki liðið - boðleiðir eru skýrar og brugðist er við vandanum.

Mikilvægt er að nemendur geti leitað til hvaða starfsmanns skóla sem er með mál sem snúa að velferð sinni og líðan og að brugðist sé við strax og á viðeigandi hátt ef upp koma vandamál af einhverju tagi, t.d. stríðni, einelti, agabrot eða vanlíðan. (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999)

- Nemendur eru beinir þátttakendur í mótun þessa starfsanda þar sem virðing og lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð.
- Nemendum líður vel ef samskipti skóla og heimila eru góð.

Í samvinnu við heimilin ber að leggja áherslu á það í grunnskólum að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Með því er átt við hvers kyns framkomu, verknað og orðræðu sem snertir samskipti við aðra nemendur, kennara, og annað starfsfólk skóla og aðra sem nemendur umgangast.

(Aðalnámskrá grunnskóla, 1999)

- Nemendum líður vel þar sem sanngjarnar skólareglur gilda.

Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsenda góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.

(Reglugerð um skólareglur nr. 270/2000)

- Nemendum líður vel þar sem ríkir gagnkvæm virðing, þar sem hver og einn fær að vera á eigin forsendum.

Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning

þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Þau almennu uppeldislegu markmið sem ákvæði eru um í grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og reglugerð um skólareglur, undirstrika að samskipti nemenda skulu helgast af virðingu fyrir skólafélögum, samábyrgð, umhyggju og ábyrgri hegðun. Skólanum ber að styrkja þennan þátt í skólastarfinu og skapa skólabrag sem helgast af þessum þáttum. Í skólanámskrá skólans ber m.a. að sýna á skýran hátt með hvaða hætti skólinn hyggst útfæra umgengnis- og samskiptaþætti, forvarnir og lífsleikni í skólastarfinu. Eineltismál falla undir þessa þætti og er mikilvægt að skólar birti eineltisáætlun í skólanámskrá.

Vellíðan í skóla ýtir undir námsárangur, styrkir sjálfsmynd nemandans og eflir félagsþroska hans. Lífsleikni nemenda skiptir máli fyrir velgengni þeirra í skólasamfélaginu og starfi þeirra í þjóðfélaginu síðar á lífsleiðinni.

2. Aðgerðaráætlun

- ❑ Eineltisáætlun skóla sé skýr, öllum sé ljóst hvernig bregðast skuli við þegar einelti kemur upp og áætlunin birt í skólanámskrá.
- ❑ Í hverjum skóla sé skilgreint eineltisteymi á faglegum grunni, öllum sé ljóst hverjir eigi þar sæti og hvert sé hlutverk þeirra.
- ❑ Einelti sé ekki einkamál kennarans.
- ❑ Boðleiðir innan skólans og utan séu vel skilgreindar.

Aðgerðir í skólum

Starfshópurinn hefur hallast að hugmyndum Dan Olweus, prófessors, sem starfar í Noregi. Hann hefur þróað sérstakt átaksverkefni gegn einelti í grunnskólum, sem byggir á niðurstöðum viðamikilla rannsókna og áratuga vinnu með góðum árangri.

2500 nemendur í 42 skólum í Bergen tóku þátt. Í lok verkefnisins hafði dregið úr einelti um 50% meðal nemenda auk þess sem skemmdarverk og önnur hegðunar- og samskiptavandamál höfðu sýnilega minnkað.

Norska ríkisstjórnin hefur hrint af stað átaki um allan Noreg þar sem kerfi Olweusar er lagt til grundvallar. Með markbundnum hætti er komið á aðgerðum eða kerfi í öllum skólum, sem felur í sér menntun og handleiðslu meðal kennara. Þess má geta að Olweuskerfið var valið af bandarískum sérfræðingum sem eitt af tíu verkefnum til þess að draga úr ofbeldi og glæpum meðal ungmenna í Bandaríkjunum.

Það er mat okkar að kerfi Olweusar geti fallið vel að íslenskum aðstæðum. Lagt er til að kerfið verði kynnt á sérstakri ráðstefnu í haust og í framhaldi verði hugað að því að koma því á í íslenskum skólum.

Þegar hugað er að aðgerðum gegn einelti virðast ákveðnir áfangar varða leiðina.

1. Viðurkenning á að einelti sé fyrir hendi og að það sé vandamál. Einelti getur farið dult eða verið ósýnilegt.
2. Nauðsynlegt er að kanna ástandið í hverjum skóla fyrir sig, þar sem fram kemur hvernig nemendur skynja vandamálið. Þetta er m.a. forsenda þess að aðgerðaráætlun heppnist.
3. Skólasamfélagið er sammála um að aðgerðaráætlanir eru til þess gerðar að minnka einelti, almennt ofbeldi og glæpi í skólunum - það nægir ekki að "flytja" vandamálin úr skólunum, hræða eða refsa. Unnið er gegn einelti alla daga ársins og í samræmi við heildarstefnu skólans og almennan skólabrag.
4. Nauðsynlegt er að gefa gaum að umhverfi skólans og að koma í veg fyrir að nemendur "lendi í slæmum félagsskap". Þá er mikilvægt að unnið sé með markvissum hætti með þá hópa sem hugsanlega eru á "gráu" svæði. Samvinna allra sem koma að málefnum barna og unglinga, s.s. félagsmiðstöðva, frjálsra félagasamtaka og skóla er afar gagnleg.
5. Þó að kennarinn sé mikilvægur hlekkur í aðgerðaráætlun fer eineltið oft dult og kennari má ekki taka á sig alla ábyrgð og halda að hann geti leyst málið einn og sér. Boðleiðir verða að vera skýrar innan skólans og utan.

6. Unnið er með skólann í heild í nánú samráði við heimilin. Allir starfsmenn taka þátt og hlutverk þeirra eru skilgreind og hvert stig aðgerða skilgreint í eineltisáætlun skólans og í skólanámskránni.
7. Í hverjum skóla er eineltisteymi. Hlutverk þess er að geta brugðist fljótt við þegar vandamál verður ljóst. Í teyminu er fólk með fagþekkingu á breiðum grunni.
8. Þemadagar og átaksverkefni í skólum eru af hinu góða, en ljóst er að enn mikilvægara er að fylgja verkefninu stöðugt eftir og vera sífellt vakandi yfir vinnubrögðum, umhverfi og aðstæðum.
9. Aðgerðaráætlun fjallar um að bæta samskipti allra í skólanum; nemenda, kennara og annars starfsfólks skólans svo og samskipti við heimilin.

3. Tillaga um áætlun og fræðslu

- ❑ Stefnt að málþingi haustið 2001.
- ❑ Kynning á hugmyndafræði Olweus á málþinginu.
- ❑ Tillaga um að efna til námskeiðahalds og fræðslu fyrir kennara byggða á kenningum Olweus árið 2002. Það verði sameiginlegt verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- ❑ Efla þarf fræðslu um einelti í kennaramenntun.

Aðferðafræði Olweusar

Markviss þjálfun leiðbeinenda í formi námskeiða og handleiðslu. Leiðbeinendur annast kennslu og handleiðslu fyrir oddvita í 5 tilteknum heimaskólum. Oddvitarnir halda utan um kannanir, forvarnir og úrræði - hver í sínum skóla, en í umsjá síns leiðbeinanda síns. Kerfisbundið er fylgst með árangri í lengri tíma og í hverjum skóla eru sérstök eineltisteymi sem halda utan um verkefnið. Að verkefni loknu eru notaðar ýmsar leiðir til að viðhalda árangri og jákvæðir þættir í skólastarfi undirstrikaðir.